

#### IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 40.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 40.00 á skrifstofu rafveitunnar.

#### V. HEIMILD TIL HÆKKUNAR

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 10%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefnd breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Selfosshrepps hefur samið og samþykkt, og gerð er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12. 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Selfoss, nr. 8 10. janúar 1960.

*Atvinnumálaráðuneytið, 6. ágúst 1963.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Dorv. K. Þorsteinsson.*

### G J A L D S K R Á

#### Rafveitu Hveragerðis.

##### I. RAFORKA

Rafveita Hveragerðis selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

##### A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 4.00 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 1.30 hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 20.00 á ári af fertmetra gólflatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal reikna til gjalda aðeins þriðjung gólflatar.

Mælisleiga er innifalin í fastagjaldinu.

##### B. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kwst.mæli á 90 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 16.00 á mánuði af einu herbergi hverrar íbúðar og kr. 8.00 á mánuði af hverju herbergi umfram eitt.

Mælisleiga er innifalin í fastagjaldinu.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi minna en 5 m<sup>2</sup> skal telja sem hálf, en stærra en 25 m<sup>2</sup> sem tvö. Þar, sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m<sup>2</sup>, má reikna með þeirri meðalstærð.

### C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.00 hverja kwst. Hafi vélnarar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 400.00 fyrir hvert kw. í málaun véla.

Eftir þessum gjaldskrárlíð má einnig selja raforku til lýsingar og greiddast þá, auk orkugjaldsins, fastagjald, er nemi kr. 14.00 á ári á hvern fermetra gólf-flatar, í rúmi því, er lýsa skal.

2. Um afl og orkumæla þannig reiknað:

a. Grunnkjald .....	1020.00 kr. á ári.
b. Aflgjald af notuðu afli .....	1020.00 — — —
c. Orkugjald .....	30 aura hverja kwst.

Notað afl hvers almanaksárs telst vera meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestrar fari fram mánaðarlega og sem næst mánaðarmótum. Aflnotkunin mælist sem meðalalag yfir stundarfjórðung. Mælisleiga er innifalin í grunnkjaldinu.

3. Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja þannig:

a. Grunnkjald .....	1020.00 kr. á ári.
b. Fastagjald á hvert kw. í málaun véla .....	780.00 — — —
c. Orkugjald .....	30 aura hverja kwst.

Mælisleiga er innifalin í grunnkjaldinu.

Framangreint raforkuverð fyrir vélanotkun miðast við, að fasviksstuðull tækja hjá notanda, t. d. rafsuðuspenna, sé eigi lægri en 0.8. Sé hann lægri, getur rafveitan krafizt þess, að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Rafveitustjóri getur bannað notkun rafsuðuspenna eða takmarkað notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

### D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 21 eyri hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
2. Um kwst.mæli á 13 aura hverja kwst., í 9 klst. á tímanum frá kl. 22 til 9.

Minnta árgjald skal vera sem svarar 1500 klst. notkun á hvert kw. uppsetts afls hitunartækja.

Verð til hitunar breytist með útsöluverði á disilolíu í Hveragerði, þannig að gjaldskrárverðið teljist jafngilda kr. 1550.00 verði á oliutonni, en hækki eða lækki um 1 eyri hver kwst. á líð D1 og 0.6 eyri hver kwst. á líð D2 fyrir hverjar fullar 75 kr., sem oliutonnið hækkar eða lækkar.

#### *Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til húshitunar.*

- a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra, kostar notandinn þá tenginu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengndir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir, sé þess krafizt.

**E. Önnur raforkunotkun.**

1. Til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða má selja raforku til suðu og hitunar um sérmæli á 90 aura hverja kwst., enda séu suðu- og hitunartækin fasttengd og öll önnur notkun seld eftir liðum A1 eða A2.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli á 2.00 kr. hverja kwst.
3. Til fasttengdra bókunarofna, vatns- og gufukatla í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, um kwst.mæli á 30 aura hverja kwst. í 10 klst. á sólarhring á tímanum frá kl. 22 til 9, eða um tvígjaldsmæli á 30 aura hverja kwst. í 10 klst. á sólarhring á tímanum frá kl. 22 til 9 og á 90 aura hverja kwst. á tímanum frá kl. 9 til 22.
4. Til súgþurrkunar á heyi um kwst.mæli á 70 aura hverja kwst.
5. Til götulýsingar um kwst.mæli á kr. 130 hverja kwst., annast þá rafveitan rekstur og viðhald lýsingarkerfisins.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en þó eigi lengur en til eins árs í senn.

Lægsta gjald fyrir rafmagnsnotkun um heimtaug skal vera kr. 1200.00 á ári. Skal mismunur á ársnotkun og lægsta gjaldi, ef einhver er, innheimtur í fyrsta mánuði næsta árs.

**II MÆLALALEIGA**

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjunum sem hér segir:

- |  |                 |
|--|-----------------|
| 1. Af einfasa kwst.mælum 30 A og minni ..... | kr. 6.00 á mán. |
| 2. Af þrífasa kwst.mælum 50 A og minni ..... | — 10.00 — —     |
| 3. Af þrífasa kwst.mælum 50 til 100 A .....  | — 18.00 — —     |
| 4. Af þrífasa kwst.mælum yfir 100 A .....    | — 24.00 — —     |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

**III. HEIMTAUGARGJALD**

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

Grunngjald af loftlínuheimtaug .....	kr. 700.00
Grunngjald af jarðlínuheimtaug .....	— 1400.00

Auk grunngjaldsins greiðist kr. 4.60 af hverjum rúmmetra húsa allt að 700 rúmmetrum og kr. 2.30 af hverjum rúmmetra þar yfir, enn fremur kr. 1.00 af hverjum fermetra lóðar viðkomandi húss.

Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 20 metrum eða loftlínuheimtaugar fram úr 40 metrum, skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er.

Lengd loftlínuheimtaugar reiknast frá næsta stólpa í notendalínu við götu stytztu greiðfæru leið að varkassa.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu stytztu greiðfæru leið að varkassa.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga að heimtaugartengingu lokinni.

#### IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir endurofnun kr. 40.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 40.00 á skrifstofu rafveitunnar.

#### V. HEIMILD TIL HÆKKUNAR

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 10%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefnd breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Hveragerðishrepps hefur samið og samþykkt, og gerð er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12. 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin eldri gjaldskrá um sama efni.

*Atvinnumálaráðuneytið, 6. ágúst 1963.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

### G J A L D S K R Á

#### Rafveitu Stokkseyrar.

##### I. RAFORKA

Rafveita Stokkseyrar selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

##### A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 4.00 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 1.30 hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 20.00 á ári af fertmetra gólfplatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fertmetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal reikna til gjalda aðeins þriðjung gólfplatar.

Mælisleiga er innifalin í fastagjaldinu.

##### B. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kwst.mæli á 90 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 16.00 á mánuði af einu herbergi hvernar íbúðar og kr. 8.00 á mánuði af hverju herbergi umfram eitt.

Mælisleiga er innifalin í fastagjaldinu.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi minna en 5 m<sup>2</sup> skal telja sem hálf, en stærra en 25 m<sup>2</sup> sem tvö. Þar, sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m<sup>2</sup>, má reikna með þeirri meðalstærð.